



Fundur háskólaráðs 3. janúar 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 21.12.2001 12:21:15
Dags: 03.01.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

1/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 3. janúar var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Samþykkt 6. háskólafundar 1. nóvember 2001 um þróunaráætlanir deilda og stofnana. Háskólafundur vísaði þróunaráætluninum til háskólaráðs sem hafi þær til hliðsjónar við mótun áætlana Háskólans. – Rætt var um hvernig ljúka megi vinnu við þróunaráætlanir deilda og stofnana Háskólans innan ákveðins tíma.
- 1.2 Kjör í stjórnir Endurmenntunarstofnunar, Rannsóknastofu í kvennafræðum, Sjávarútvegsstofnun, Umhverfisstofnun og Stofnun Sigurðar Nordals.

Stjórn Endurmenntunarstofnunar verði skipuð eftirtöldum:

Hilmari Þór Björnssyni, tilnefndum af stjórn Arkitektafélags Íslands

Ingvaldi Ingvarsdóttur, tilnefndri af Bandalagi háskólamanna

Hjördísi Þorgeirsdóttur, tilnefndri af Félagi framhaldsskólakennara

Óskari Þorsteinssyni, tilnefndum af Tæknifræðingafélagi Íslands

Ernu G. Agnarsdóttur, tilnefndri af Tækniskóla Íslands

Sigurði M. Garðarssyni tilnefndum af Verkfræðingafélagi Íslands

Ágústu Guðmundsdóttur prófessor, fulltrúa háskólaráðs

Áslaugu Björgvinsdóttur lektor, fulltrúa háskólaráðs

Kristjáni Jóhannssyni lektor, fulltrúa háskólaráðs

Magnúsi Jóhannssyni prófesor, fulltrúa háskólaráðs

Oddnýju G. Sverrisdóttur dósent, fulltrúa háskólaráðs

Valdimar K. Jónssyni prófessor, fulltrúa háskólaráðs

- Samþykkt samhljóða. Oddný G. Sverrisdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum verði skipuð eftirfarandi:

Dagnýju Kristjánsdóttur, prófessor í heimspekideild, tilnefndri af hugvísindasviði

Ólöfu Ástu Ólafsdóttur, lektor í hjúkrunarfræðideild, tilnefndri af heilbrigðisvísindasviði

Valgerði Eddu Benediktsdóttur, fræðimanni í raunvísindadeild og til vara Fjólu Jónsdóttur, tilnefndum af raunvísindasviði

Guðnýju Guðbjörnsdóttur, prófessor í félagsvísindadeild og til vara Brynhildi Flóvenz, stundakennara í lagadeild, tilnefndum af félagsvísindasviði

Þorgerði Einarsdóttur, lektor í félagsvísindadeild, fulltrúa háskólaráðs

Arnfríði Guðmundsdóttur, lektor í guðfræðideild, fulltrúa háskólaráðs

Varamenn fulltrúa háskólaráðs: Rósa G. Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi og Rannveig Traustadóttir, dósent í félagsvísindadeild.

- Samþykkt einróma.

Kjöri stjórna Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals var frestað.

- 1.3 Lagt fram bréf frá Pálma Jóhannessyni, skrifstofustjóra raunvísindadeildar, dags. 12. október 2001, er varðar ráðningu Björns Birnis í 33% starf prófessors til tveggja ára ásamt drögum að samstarfssamningi milli Háskóla Íslands vegna raunvísindadeildar og verkfræðideildar og vísinda- og verkfræðiskor Kaliforníuháskóla í Santa Barbara. – Samþykkt einróma að tillögu raunvísindadeildar að kalla Björn Birni til starfa.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagður fram samningur milli Háskóla Íslands annars vegar og menntamálaráðuneytis hins vegar um rannsóknir á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Borgarskipulagi Reykjavíkur, dags. 20.12.2001, er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Háskóla Íslands vegna þekkingarþorps.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkurborgar 5. desember sl. var gerð eftirfarandi bókun:

Háskóli Íslands, Vísindagarðar, lögð fram tillaga ASK arkitekta, dags. 30. nóvember 2001, að breytingu á deiliskipulagi lóðar Háskóla Íslands vegna þekkingarþorps.

Samþykkt að auglýsa tillöguna með þeirri breytingu að starfsemi á svæðinu verði skilgreind með eftirfarandi hætti í skilmálum og fram komi að eignarhald bygginga á svæðinu skuli vera á einni hendi.

„Heimilt er að starfrækja á lóðinni fyrirtæki og stofnanir á sviði rannsókna, vísinda og þekkingar sem hafa hag af staðsetningu á háskólasvæðinu, leggja háskólastarfsemi lið með nálægð sinni eða tengjast henni. Á lóðinni er og heimilt að vera með verslanir og þjónustustarfsemi í smáum stíl til að þjónusta fyrirtæki og stofnanir á svæðinu, svo sem litlar verslanir, kaffihús, líkamsrækt, ljósritunarþjónusta o.fl.”

Vísað til borgarráðs.”

Borgarráð samþykkti bókun nefndarinnar á fundi sínum 11.12.01.

- Háskólaráð fagnar þessum áfanga.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Uppgjör ársins 2001 og skipting fjárveitingar ársins 2002.
Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði ásamt tillögum og gögnum um uppgjör ársins 2001 og fjárhagsáætlun ársins 2002.

Að lokinni kynningu og umræðu um uppgjör ársins 2001 bar rektor tvær tillögur fjármálanefndar undir atkvæði:

1. Gerð er tillaga um að skipta 243 m.kr. vegna uppgjörs 2001. Í upphafi árs var skipt 90 m.kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir. Uppgjör getur að hámarki gefið 423 m.kr. þannig að skipt er 90 m.kr. lægri fjárhæð en hugsanlegt er að Háskóli Íslands fái í uppgjöri fyrir árið 2001.

- Samþykkt samhljóða.

2. Meðaltal rannsóknastiga, styrkja og sértekna árána 1999 og 2000 verði notað til þess að ákveða skiptingu á rannsóknafjárveitingum árána 2001 og 2002.

- Samþykkt einróma.

Guðmundur G. Haraldsson óskaði eftir að gerðar yrðu svohljóðandi bókanir:

„Guðmundur G. Haraldsson, fulltrúi verkfræði- og raunvísindadeilda í háskólaráði, óskar eftir að úttekt verði gerð á kostnaði að baki rannsóknum á sviði tilraunavísinda (líf- og raunvísinda/tækni- og verkvísinda) annars vegar og hugvísinda hins vegar. Niðurstaðan verði kynnt háskólaráði og sé höfð til hliðsjónar við skiptingu fjármuna til rannsókna í deildum H.Í.”

„Guðmundur G. Haraldsson, fulltrúi verkfræði- og raunvísindadeilda í háskólaráði, harmar það að rannsóknasamningur v/2001 hafi ekki skilað neinu í rannsóknasjóð Háskólans, né heldur miklu í kostnað til að standa straum af fjármögnun og rekstri rannsókna í deildum H.Í. er byggja á tilraunavísindum.”

Oddný G. Sverrisdóttir óskaði eftir að gerð yrði svohljóðandi bókun vegna uppgjörs fyrir árið 2001:

„Það er fagnaðarefni að 80 m.kr. fengust til þess að styrkja rannsóknir á árinu 2001. Þar sem úthlutun úr Rannsóknasjóði er lokið, styð ég tillögu fjármálanefndar háskólaráðs að hluti upphæðar renni til Sáttmálasjóðs og hluti til að tryggja rannsóknamisseri kennara, en stærstur hluti renni til deilda, eftir þeim stuðlum sem fjármálanefnd leggur til, sem hafa sjálfstæði til þess að verja upphæðinni á þann hátt sem hver deild telur bestan.”

Að lokinni kynningu og umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2002 bar rektor fyrst upp svohljóðandi tillögu um skrásetningargjöld:

Skrásetningargjald á hvern nemanda verði kr. 32.500,-. Rektor verði falið að ganga frá breytingu á reglum fyrir Háskóla Íslands í samræmi við það.

- Samþykkt með 6 atkvæðum, en 2 voru á móti.

Næst bar rektor sex tillögur fjármálanefndar um fjárhagsáætlun ársins 2002 í einu lagi undir atkvæði:

3. Námskeið í viðskipta- og hagfræðideild sem áður voru flokkuð í reikniflokki 1 verði í reikniflokki 2.
4. Jarð- og landfræðiskor fái einn c-kassa í fimmta reikniflokki vegna náms á ensku í jarðfræði og jarðeðlisfræði. Kassinn verði tekinn í burtu ef hætt verður að bjóða slíkt nám fyrir útlendinga.
5. Ekki verði gerð breyting á flokkun sálfræði í reikniflokk en fjármálanefnd er að kanna hvort vægi klínískrar kennslu í sálfræði hafi aukist.
6. Ekki er gerð tillaga um breytingu á stöðu lagadeildar í deililíkani en fjármálanefnd telur að til greina komi að gera breytingu á fjölda kassa ef gerðar verða umtalsverðar breytingar á skiplagi náms í deildinni.
7. Engin deild fái lægri fjárveitingu að krónutölu en á árinu 2001.
8. Almenn hækkun milli ára verði 3%.

- Samþykkt einróma.

Loks bar rektor tillögurnar í heild undir atkvæði.

- Samþykkt samhljóða.

Fram kom að á næsta fundi ráðsins verði lagðar fram tillögur um framkvæmdir Háskóla Íslands. Heimild til framkvæmda liggur ekki fyrir fyrir en tillögurnar hafa verið samþykktar. Undantekning frá þessu er einn liður framkvæmda við Náttúrufræðahús, klæðning bita, að hámarki 20 m.kr.

3.2 Náttúrufræðahús, staða mála.

Lagt var fram minnisblað Ingjalds Hannibalssonar, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs, um Náttúrufræðahús, dags. 2. janúar 2002. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að hönnuðir byggingarinnar geta ekki haldið sínu verki áfram fyrir en niðurröðun í húsið hefur verið ákveðin. Gert er ráð fyrir því að hönnuðir þurfi 6 mánuði til þess að ljúka hönnun og fullgera útboðsgögn fyrir frágang byggingarinnar.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 17.25